

Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 1037

Dagsetning: 3. september klukkan 8:30

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

Fundinn sátu: Helgi Þorsteinsson (HP), Íris Dögg Harðardóttir (ÍDH), Nanna Sigríður Kristinsdóttir (NSK) sat fundinn undir lið 3 í gegnum fjarfundarbúnað, Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir (RÓE), Sigríður Dóra Magnúsdóttir (SDM), Svava Kristín Þorkelsdóttir (SKP) og Brjánn Jónasson (BJ), sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins: Elín Eiríksdóttir, vefstjóri HH, sat fundinn undir lið 3.

Efni fundarins

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 27. ágúst 2024 var tekin til umræðu og samþykkt samhljóða.

2. Fundir á næstunni

Farið var yfir fundi framkvæmdastjórnar í vikunni.

3. Öryggismál starfsfólks

Umræður um öryggi starfsfólks. Óskað var eftir öryggisúttekt á skrifstofu HH sem liggur nú fyrir. Óskað verður eftir úttekt á öðrum starfsstöðvum en móta þarf verklagið betur áður en sú vinna fer af stað. Móta þarf umgjörð um öryggismál hjá stofnuninni svo samræmi sé eftir starfsstöðvum, til dæmis uppröðun í viðtalsherborgjum.

Halda þarf áfram samtali við embætti landlæknis um skráningar þannig að hægt sé að taka út nöfn heilbrigðisstarfsfólks þegar sjúkraskrá er afhent. Upplýst var að vinna við veggspjöld fyrir starfsstöðvar tengt öryggi starfsfólks er langt komin.

Elín Eiríksson, vefstjóri HH, kom á fundinn og kynnti stöðuna á samræmingu merkinga á starfsstöðvum. Sú vinna er langt komin. Rætt var um starfsmannakort og ákveðið að nota hér eftir aðeins fornöfn starfsfólksins á kortunum vegna öryggissjónarmiða. Þá verður skoðað hvort hægt sé að einfalda starfsheiti á kortunum. Þegar niðurstaða er komin þarf að endurnýja starfsmannakortin hjá öllu starfsfólki í áföngum.

Rætt var um upplýsingar um starfsfólk á vef HH, hvort nöfn eiga að vera inni og hvaða upplýsingar eigi að fylgja. Ákveðið var að taka út netföng starfsfólks og nota áfram símanúmer starfsstöðva en halda inni starfsmannalistanum á vefnum.

4. Frávikagreining á rekstrareiningum

Kynnt var nýtt verklag fjármálasviðs þar sem unnin er frávikagreining á rekstrareiningum sem hafa farið umfram fjárheimildir. Markmiðið er að bregðast tímanlega við ef frávik eru veruleg.

5. Janus endurhæfing

Rætt um mögulega aðkomu HH að þjónustu við fólk sem hefur nýtt sér úrræði á vegum Janusar endurhæfingar. Heilbrigðisráðuneytið hefur óskað eftir því að HH útlísti mögulega aðkomu. Farið var yfir hugmyndir um hvernig hægt sé að þjónusta þennan hóp en vinna þarf málið betur áður en ráðuneytinu er svarað.

6. Samningur við SAK um geðlæknþjónustu

Rætt um samning HH við Sjúkrahúsið á Akureyri (SAK) varðandi geðlæknþjónustu. Samningurinn rennur út um áramót og kanna þarf áhuga SAK á að framlengja samninginn ásamt fjármögnun þjónustunnar.

7. Fjármögnun eininga

Rætt var um fjármögnun Heilaörvunarmiðstöðvar, Heilsubrúar og geðheilbrigðisþjónustu í framhaldsskólum. Þessi þjónusta hefur ekki verið fjármögnuð til framtíðar og þarf að taka umræðu um það í heilbrigðisráðuneytinu.

Aðgerðir og verkefni

- Gera þarf úttekt á öryggismálum starfsstöðva og móta umgjörð um öryggismál, sjá lið 3.
Ábyrgð: HP
- Halda þarf áfram samstarfi með embætti landlæknis um skráningu í sjúkraskrá, sjá lið 3.
Ábyrgð: NSK
- Breyta þarf verklagi við útgáfu starfsmannakorta, kanna hvort hægt sé að einfalda starfsheiti og að því loknu skipuleggja útskiptingar á starfsmannakortum hjá starfsfólki í áföngum, sjá lið 3.
Ábyrgð: SKP
- Taka þarf út netföng starfsfólks af vefnum, sjá lið 3.
Ábyrgð: Elín Eiríksdóttir
- Vinna þarf áfram að frávíkagreiningu starfseininga, sjá lið 4.
Ábyrgð: HP
- Skoða þarf áfram mögulega aðkomu HH að verkefnum Janusar endurhæfingar, sjá lið 5.
Ábyrgð: SDM
- Kanna þarf hvort áhugi sé á að endurnýja samning um geðlæknþjónustu við SAK, sjá lið 6.
Ábyrgð: ÍDH
- Ræða þarf fjármögnun ófjármagnaðrar starfsemi HH, sjá lið 7.
Ábyrgð: HP

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 10:15